



## Fundargerð 1. fundar faghóps IV

Orkustofnun 21. jan. 2009, kl. 14:00

**Mætt:** Guðni A. Jóhannesson (formaður), Agnar Olsen, Edda Rós Karlsdóttir, Guðmundur Þóroddsson, Ómar Örn Ingólfsson, Hilmar Sigvaldason, sérfræðingur hjá OS, og Tómas Þór Tómasson

**Forföll:** Jakob Sigurður Friðriksson

1. Formaður kynnti hópinn og fór yfir skipunarbréf um markmið og starf rammaáætlunar. Í september 2007 skipaði ríkisstjórnin verkefnisstjórn til að leiða vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar. Markmið áætlunarinnar er að skapa faglegar forsendur fyrir ákvörðun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafls- og jarðhitasvæði. Í áætluninni skal leggja mat á svæði og flokka virkjunarkosti og áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar, m.a. með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis, samhliða því að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Verkefnisstjórninni er jafnframt ætlað að vinna samræmt heildarmat fyrir alla þá virkjunarkosti sem verið hafa til umfjöllunar í 1. og 2. áfanga rammaáætlunar með hliðsjón af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Verkefnisstjórn hefur tekið ákvörðun um að á hennar vegum starfi fjórir faghópar, skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum, sem ætlað er að fara yfir svæði og virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meta með stigagjöf og gera tillögur til verkefnisstjórnar. Verksvið hópanna sem hér segir:

- I. Náttúra og menningarminjar. Formaður: Þóra Ellen Þórhallsdóttir
- II. Ferðaþjónusta, útivist, landbúnaður og hlunnindi. Formaður: Anna G. Sverrisdóttir.
- III. Þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðapróun. Formaður: Kjartan Ólafsson
- IV. Orkulindir . Formaður: Guðni A. Jóhannesson.

2. Verkefni faghóps IV er að skilgreina hvaða virkjunarkostir skulu koma til skoðunar undir merkjum rammaáætlunar og greina kostina samkvæmt eftirtöldum þáttum: a) Orkulindir og virkjanasvæði, b) virkjunarmöguleikar, c) gagnamál, d) afl og orka, e) kostnaður, f) nýtingarmöguleikar, g) tengimöguleikar (línulagnir) og i) hagkvæmni. Starfsmaður faghópsins verður Tómas Þór Tómasson, starfsmaður rammaáætlunar. Netfang: [tomast@unak.is](mailto:tomast@unak.is). Gsm: 860-8098.
3. Meginefni fundarins var að fara yfir drög að lista yfir virkjunarkosti sem Hilmar Sigvaldason hafði tekið saman. Fyrir liggur að hópurinn mun endurmeta þá kosti sem metnir voru í 1. áfanga rammaáætlunar, með þeim breytingum sem orkufyrirtæki hafa gert, og að auki mun hópurinn skilgreina aðra stærri virkjunarkosti í vatnsafl og á háhitasvæðum. Enda þótt rammaáætlun hafi fyrst og fremst gefið sig að virkjunum með meira afl en 10 MW ákvað hópurinn að kalla eftir virkjunarmöguleikum með afli frá 5 MW.

4. Við yfirferð yfir drögin að virkjunarkostum var nokkrum vatnsaflskostum bætt við og einnig var ákveðið að halda öflugustu lághitasvæðum inni á listanum enda getur virkjun þeirra orðið hagkvæm í framtíðinni m.t.t. ýmiskonar iðnaðarstarfsemi og hækkandi orkuverðs (t.d. Öxarfjörður, Flúðir, Laugar og Hveragerði).

Starfsmanni var falið að senda orkufyrirtækjum bréf þar sem drög að listanum verða kynnt og kallað eftir öðrum virkjunarhugmyndum sem vert er að kanna hvort rammaáætlun skal fjalla um. Í þeim tilvikum verða orkufyrirtækin beðin að leggja fram allar þær upplýsingar sem tiltækar eru um þá kosti. Erindið skal a.m.k. senda til Landsvirkjunar, Orkuveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja, Rarik, Orkubús Vestfjarða, Norðurorku, Þeistareykja ehf., Orkuveitu Húsavíkur, Hrafnabjargarvirkjunar ehf., ábyrgðaraðila um áformaða virkjun við Hverfisfljót og Múlavirkjun á Snæfellsnesi. Einnig skal fá upplýsingar frá Iðnaðarráðuneyti um útgefin leyfi vegna virkjanakosta og einnig þeirra sem eru í umsóknarferli.

5. Þá var starfsmanni falið að finna frumeintak af skýrslunni „Innlendar orkulindir til vinnslu raforku“ sem gefin var út af Iðnaðarráðuneytinu 1994 en þar er m.a. að finna yfirlitsmyndir af mörgum virkjunarsvæðum og gerð grein fyrir hugmyndum um virkjunarkosti.
6. Næsti fundur hópsins var ákveðinn miðvikudaginn 11. febrúar kl. 14:00 í húsakynnum Orkustofnunar.